

ÓJÖFNUÐUR: EFNAHAGUR, KYN OG MINNIHLUTAHÓPAR
FÉL 264G
Vorönn 2019

Tímar: Mánudaga frá 10:00-13:10

Staður: Askja 131

Kennarar: Sigrún Ólafsdóttir og Kjartan Páll Sveinsson

Skrifstofa: O-327 (SÓ)

Símanúmer: 525-4698 (SÓ)

Tölvupóstur: sigruno@hi.is; kps@hi.is

Viðtalstímar: SÓ – Mánudaga 16-17 eða eftir samkomulagi (sendið tölvupóst til að setja upp tíma); KPS – eftir samkomulagi.

MARKMIÐ OG LÝSING

Árið 2013 vísaði þáverandi Bandaríkjaforseti, Barack Obama til ójöfnuðar sem mestu áskorunar í heiminum í dag. Á síðustu árum og áratugum höfum við séð almenning, stefnumótendur og fræðimenn lýsa yfir áhyggjum af vaxandi ójöfnuði. Þó að enn séu einhverjir sem gera lítið úr ójöfnuði og neikvæðum afleiðingum hans, eru fleiri og fleiri sem lýsa yfir áhyggjum. Hér er oft lítið á efnahagslegan ójöfnuð og talað um hvernig auður heimsins er sifellt að færast á færri og færri hendur og þá sérstaklega hvernig ríkasta 1% hefur náð til sín óeðlilega stórum hluta auðæfa. En það má ekki gleyma því að ójöfnuður af ýmsum gerðum finnst í samfélögum, t.d. hafa konur almennt haft minni völd og áhrif en karlar; hvítir hafa haft meiri völd og áhrif en aðrir kynþættir; og lengi var lítið á (og er enn lítið á í ýmsum samfélögum) sem gagnkynhneigð sem hina einu „eðlilegu“ kynverund.

En þurfum við að hafa áhyggjur af ójöfnuði á Íslandi, þar sem alþjóðlegur samanburður sýnir okkur oft að jafnrétti er hvað mest í heiminum hér á landi? Að skoða ójöfnuð á Íslandi er áhugavert af mörgum ástæðum, til dæmis vegna þess að: 1) ójöfnuður hefur verið meiri en við höfum viljað viðurkenna í gegnum tíðina; 2) ójöfnuður hefur tekið miklum sveiflum á Íslandi; 3) við sjáum merki alþjóðlegrar þróunar um hvernig auðurinn er að safnast á færri og færri hendur; 4) við höfum oft séð réttindi minnihlutahópa aukast mjög hratt á Íslandi og höfum oft verið framarlega í mannréttindabaráttu ýmissa hópa; og 5) ójöfnuður vegna efnahags, kyns, kynþáttar, kynhegðunar og fleiri þátta hafa afleiðingar fyrir einstaklinga á Íslandi.

Félagsfræðin býður upp á góða möguleika á að skilja ójöfnuð þar sem að hann hefur löngum verið eitt meginhugtak hennar, þar sem sjónum er beint að því hvernig gæðum í samfélaginu er skipt og með hvaða afleiðingum. Í þessu námskeiði munum við skoða helstu kenningar og rannsóknir félagsfræðinnar um ójöfnuð og setja þær í íslenskt samhengi. Við munum velta fyrir okkur hvers konar ójöfnuður er til staðar í samfélaginu og hvort ákveðnar tegundir ójöfnuðar eigi eftir að skipta meira máli í framtíðinni, meðal annars út frá breytingum í samfélagsumhverfinu og í samsetningu mannfjöldans. Að auki munum við skoða afleiðingar ójöfnuðar á líf einstaklinga, til dæmis varðandi heilsu þeirra, menntun og atvinnutækifæri.

HÆFNIVIÐMIÐ

Að námskeiði loknu geta nemendur:

- a) gefið skriflegt yfirlit um helstu tegundir ójöfnuðar, með sérstaka áherslu á ójöfnuð sem byggist á efnahag, kyni, eða að tilheyra minnihlutahóp.
- b) útskýrt í ritmáli grundvallandi hugtök og helstu kenningar á sviðinu.
- c) fjallað bæði skriflega og munnlega um ójöfnuð á Íslandi og borið hann saman við ójöfnuð í völdum samfélögum.
- d) Notað gögn um ójöfnuð á Íslandi og í öðrum löndum og sett þau í samhengi við félagsfræðilegar kenningar og rannsóknir á ójöfnuði.

NÁMSEFNI

Stuber, Jenny. 2015. *Exploring Inequality: A Sociological Approach* (1st edition). Oxford, UK: Oxford University Press.

Ísold Uggadóttir. 2018. *Andið eðlilega*. Hægt að leigja hjá Símanum og Vodafone.

Veggspjald fyrir kynningu í tíma.

Allt annað námsefni er aðgengilegt á Uglu.

NÁMSMAT

Þátttaka og verkefni í tímum	10%
Ritdómur um grein	10%
Fjölmiðlaverkefni um ójöfnuð	20%
Rannsókn á ójöfnuði	30%
<i>Rannsóknaráætlun</i>	5%
<i>Kynning í tíma</i>	20%
<i>Vettvangsnótur</i>	5%
Lokapróf	30%

*Nemandi þarf að ná a.m.k. 5 í prófhluta námskeiðsins til að standast námskeiðið

VERKEFNI

Þátttaka og verkefni í tímum: Skilningur og notkun á námsefninu

Nemendur munu taka virkan þátt í námskeiðinu með umræðum í tímum og verkefnum sem eru unnin í tímum. Tilgangur verkefnanna er að auka skilning nemenda á námsefninu og að hjálpa þeim að undirbúa sig fyrir skilaverkefni og lokapróf í námskeiðinu. 14 verkefni verða lögð fyrir nemendur í tímum yfir önnina og munu þau 10 sem að nemandinn fær hæstu einkunina fyrir gilda.

Ritdómur um grein

Nemendur skila ritdóm um **eina** fræðilega grein. Nemendur mega velja á milli greina sem skoða kyn, kynþátt eða efnahag. Í ritdóminum eiga nemendur að gefa stutt yfirlit um efni greinarinnar en stærstur hluti verkefnisins er gagnrýnið mat á greinina þar með talið, hvert framlag hennar er, hvað eru helstu vankantar og hvaða frekari rannsóknir kallar hún á. Nánari leiðbeiningar um ritdóminn verða gefnar í tíma **14. janúar** og birtar á Uglu

Kyn-Skiladagur 28. janúar

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Þorvaldsdóttir. 2012. “Kynjakvótar og mögulegar hindranir á leið kvenna til æðstu stjórnunar.” *Íslenska Þjóðfélagið* 3:57-76.

Kynþáttur-Skiladagur 11. febrúar

Eva Harðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. 2018. “”Að þreifa sig áfram í myrkrinu”: Ríkjandi stefnur og straumar um ungt flóttafólk í íslensku grunn- og framhaldsskólakerfi.” *Stjórnmál og stjórnsýsla* 14:183-204.

Efnahagur-Skiladagur 25. febrúar

Stefán Ólafsson. 2014. “Hrunið og árangur endurreisnarinnar.” *Íslenska Þjóðfélagið* 5:95-116.

Fjölmiðlaverkefni um ójöfnuð-Skiladagur 18. mars

Nemendur munu gera verkefni þar sem þeir tengja saman viðfangsefni kvikmyndar Ísoldar Uggadóttur, *Andið Eðlilega*, við efni námskeiðsins. Nemendur mega velja að greina kvikmyndina út frá kenningum og rannsóknum um kyn, kynverund, kynþátt eða efnahag. Einungis þarf að velja eina tegund ójöfnuðar. Nánari leiðbeiningar um fjölmiðlaverkefni verða gefnar í tíma **4. febrúar** og birtar á Uglu.

Hópverkefni: Rannsókn á ójöfnuði-Rannsóknaráætlun 25. febrúar og Kynningar nemenda ásamt vettvangsnótum 1. apríl

Nemendur munu vinna saman í hópum (2-3 saman) þar sem þeir gera rannsókn á ójöfnuði á Íslandi. Hver hópur mun velja sér vettvang þar sem mögulegt er að eyða peningum og greina hann eftir einhverri tegund ójöfnuðar (kyni, kynþætti, efnahag). Nemendur mega velja vettvanginn sjálfir en dæmi gætu t.d. verið húsgagnaverslanir, veitingastaðir, barir, fataverslanir eða líkamsræktaraðstaða. Nemendur munu þurfa að rökstyðja fræðilega af hverju þeir telji að þeir muni finna mun á milli hópa á vettvangi en fara svo af staðinn til að prófa hvort kenningar þeirra eiga sér stoð í raunveruleikanum. Nemendur munu skila stuttri rannsóknaráætlun (5%) þar sem kennarar munu samþykkja rannsóknina eða gera tillögu um breytingar. Hver hópur á að hitta kennara a.m.k. einu sinni vegna verkefnisins. Niðurstöður rannsóknarinnar verða svo kynntar og nemendur skila vettvangsnótum. Nemendur munu fá tækifæri til að vinna að verkefninu í hópum í kennslustundum. Nánari leiðbeiningar um verkefnið verða gefnar í tíma **11. febrúar** og birtar á Uglu.

Lokapróf

Lokaprófið byggist á öllu lesefni, fyrirlestrum og myndböndum námskeiðsins.

MEÐFERÐ HEIMILDA OG RITSTULDUR

Minnt er á að í reglum HÍ nr. 569/2009 segir í 54. grein: „Stúdentum er algerlega óheimilt að nýta sér hugverk annarra í ritgerðum og verkefnum, nema heimilda sé getið í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð.“ Þetta á við hvort sem um beinar tilvitnanir eða endursögn er að ræða og óháð því hvaðan efnið er fengið (þ.m.t. af internetinu). Nemendur skulu gæta þess að greina skýrt á milli eigin orða og annarra. Ef grunur leikur á ritstuldi (þ.m.t. sjálfsritstuldi/óheimil endurnot eigin verka) þá er málinu vísað fyrst til deildarforseta sem tekur ákvörðun um hvort um brot nemanda sé að ræða og síðan sviðsforseta sem tekur ákvörðun um agaviðurlög s.s. áminning eða brottvikning úr skóla, sbr. 51. gr. reglnanna og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

LISTI YFIR LESEFNI OG VERKEFNI

FÉLAGSFRÆÐIN OG ÓJÖFNUÐUR

7. janúar HVAD ER ÓJÖFNUÐUR?
Leseefni: Stuber, Kafli 1 – Can't We All Just Get Along? A Sociological Approach to Diversity

TEGUNDIR ÓJÖFNUÐAR: KYN, KYNÞÁTTUR OG EFNAHAGUR

14. janúar ERU KONUR OG KARLAR SVO ÓLÍK?
Leseefni: Stuber, Kafli 2 – Is Biology Destiny: Understanding Sex and Gender
***Leiðbeiningar um ritdóm gefnar í tíma**

21. janúar HVERNIG BÚUM VIÐ TIL KYNJAMUN?
Leseefni: Stuber, Kafli 7 – Enlisting in Gender Boot Camp: How We Become Gendered Beings
Gyða M. Pétursdóttir: Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis

28. janúar HVAD ER KYNÞÁTTUR OG ÞJÓÐERNI?
Leseefni: Stuber, Kafli 4 – More than Skin Deep? Understanding Race and Ethnicity
Ali Rattansi: Racism: A Very Short Introduction
***Skil á ritdóm um grein um kyn**

4. febrúar HVERNIG BÚUM VIÐ TIL KYNÞÁTTAMUN?
Leseefni: Stuber, Kafli 8 – “We Make Each Other Racial”: How We Become Racialized Beings
Frantz Fanon: The Fact of Blackness
***Leiðbeiningar um fjölmiðlaverkefni um ójöfnuð gefnar**

11. febrúar AF HVERJU EIGA SUMIR MEIRA EN AÐRIR?
Leseefni: Stuber, Kafli 5 – Living the American Dream? Understanding Social Class
Guðmundur Ævar Oddsson: Hugmyndir um stéttleysi Íslendinga
***Skil á ritdóm um grein um kynþátt**
***Leiðbeiningar um hópverkefni um ójöfnuð gefnar í tíma**

18. febrúar HVERNIG BÚUM VIÐ TIL STÉTTAMUN?
Leseefni: Stuber, Kafli 9 – Calling Class to Order: How We Become Classed Beings
Stefán Ólafsson og Arnaldur S. Kristjánsson: Umbreyting íslenska jafnaðarmannasamfélagsins: Alþjóðlegur samanburður

AFLEIÐINGAR ÓJÖFNUÐAR

25. febrúar ÓJÖFNUÐUR Í MENNTUN OG VINNU
Lesefni: Stuber, Kaflí 12 – Graduating with Honors? Understanding Inequalities in Education
Stuber, Kaflí 13 – Lean In Or Opt Out? Understanding Gender Inequalities at Work
***Skil á ritdóm um grein um efnahag**
***Skil á rannsóknaráætlun fyrir hópverkefni**

4. mars GETUR ÓJÖFNUÐUR DREPIÐ?
Lesefni: Stuber, Kaflí 14
Stefán Hrafn Jónsson: Skortur og heilsa Íslendinga fyrir og eftir bankahrun.
Myndband: Unnatural Causes: In Sickness and in Wealth

NÝJAR ÁHERSLUR Í RANNSÓKNUM Á ÓJÖFNUÐI

11. mars FÖTLUN OG ÓJÖFNUÐUR
Lesefni: Stuber, Kaflí 6 – Deficit or Difference? Understanding Disabilities
Rannveig Traustadóttir: Fötlun: Hugmyndir og sjónarhorn.
Gestafyrirlesari: Stefan Hardonk, lektor í fötlunarfræði

18. mars ÓLÍK KYNVERUND, ÓLÍK RÉTTINDI
Lesefni: Stuber, Kaflí 3 – Baby, Was I Born This Way? Understanding Sexual Orientation and Sexuality
Annadís G. Rúdólfadóttir og Ásta Jóhannsdóttir: Fuck Patriarchy!: An Analysis of Digital Mainstream Media Discussion of the #FreeTheNipple Activities in Iceland in March 2015
Gestafyrirlesari: Ásta Jóhannsdóttir, nýdóktor í félagsfræði
***Skil á fjölmiðlaverkefni um ójöfnuð**

HVERNIG FINNUM VIÐ ÓJÖFNUÐ Í SAMFÉLAGINU?

25. mars HVERNIG VERÐUR ÓJÖFNUÐUR TIL?
Lesefni: Stuber, Kaflí 10 – Bigots, Cheats, and Unsportsmanlike Players: Understanding Inequality at the Micro-Level
Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir: „Veggurinn er alltaf til staðar“ : Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum

1. apríl KYNNINGAR NEMENDA
***Skil á vettvangsnótum**